



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

16. APRÍL 2026
ELDBORG HARPA

SKÖPUN HEIMSINS

VELKOMIN



VINSAMLEGAST HAFIÐ SLÖKKT
Á FARSÍMUM MEÐAN Á
TÓNLEIKUM STENDUR

TÓNLEIKAGESTIR ERU BEÐNIR UM
AÐ KLAPPA AÐEINS Í LOK TÓNVERKS

TÍMALENGD VERKA:

KYNNING ÓREIÐUNNAR: 6“
ANDANTE: 4“
SINFÓNÍA: 20“
LONTANO: 11“
SVO MÆLTI ZARAPÚSTRA: 35“

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.

SKÖPUN HEIMSINS

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 16. APRÍL KL. 19:30

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

BARBARA HANNIGAN

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

JOSEPH HAYDN

Kynning óreiðunnar úr *Sköpuninni* (1798)

leikið áfram án hlés

RUTH CRAWFORD SEEGER

Andante fyrir strengjasveit (1931)

JOSEPH HAYDN

Sinfónía nr. 64 í A-dúr, „Tempora mutantur“ (1773)

Allegro con spirito

Largo

Allegretto

Presto

HLÉ

GYÖRGY LIGETI

Lontano (1967)

RICHARD STRAUSS

Svo mælti Zarabústra (1896)

Inngangur

Um handanheimsmenn

Um hina miklu þrá

Um yndi og ástríður

Grafarljóð

Um vísindin

Endurkoma

Dansljóð

Ljóð náttfarans

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website: en.sinfonia.is

BARBARA HANNIGAN

HLJÓMSVEITARSTJÓRI



Kanadíska sópransöngkonan og hljómsveitarstjórinn Barbara Hannigan er einkar skapandi listamaður sem gæðir tónlistina lífi með óviðjafnanlegri tilfinningu fyrir hinu dramatíska. Hún hefur lagt sérstaka rækt við samtímatónlist og frumflutt yfir 90 ný verk. Í hópi samverkamanna hennar á 30 ára ferli eru Reinbert de Leeuw, Pierre Boulez, Sasha Waltz, John Zorn, Krzysztof Warlikowski, Simon Rattle, Katie Mitchell, Henri Dutilleux, Vladimir Jurowski, György Ligeti, Kirill Petrenko, George Benjamin, Andreas Kriegenburg og Hans Abrahamsen.

Barbara Hannigan er aðalgestastjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Gautaborgar og Kammersveitarinnar í Lausanne og hún er gestalistamaður hjá Filharmóníusveit franska útvarpsins og Sinfóníuhljómsveit Lundúna. Þá gegnir hún prófessorsstöðu sem kennd er við Reinbert de Leeuw í Royal Academy of Music í Lundúnum. Barbara hefur gefið út átta plötur hjá Alpha Classics útgáfunni, nú síðast *Electric fields* (2025). Hún hlaut Grammy-verðlaunin fyrir plötuna *Crazy Girl Crazy* (2017) og síðastliðið vor hreppti hún hin virtu Polar-verðlaun. Barbara leggur rækt við nýjar kynslóðir tónlistarmanna gegnum verkefni Equilibrium Young Artists, sem var stofnað 2017, og Momentum: our future, now, stofnað 2020. Hún býr í Finistère á norðvesturströnd Frakklands, gegnt æskuslóðum sínum hinum megin Atlantshafsins, Waverley í Nova Scotia.

Barbara kom fyrst fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands á Listahátíð 2022 þegar hún töfraði áheyrendur með túlkun sinni á verkum eftir Berg, Schönberg, Ives og Gershwin. Hún hefur snúið aftur árlega og í haust tekur hún við stöðu aðalhljómsveitarstjóra og listræns stjórnanda sveitarinnar.

JOSEPH HAYDN

SKÖPUNIN OG SINFÓNÍA NR. 64



TÓNLISTIN OG SÍ

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur fjórum sinnum flutt sínfóníuna í heild sinni og hafa stjórnendur verið Róbert A. Ottósson (1973), Martin Hunger Friðriksson (1979), Petri Sakari (1989) og Paul McCreesh (2009). 64. sínfónía Haydns hefur ekki áður hljómað á Íslandi.

Þegar Joseph Haydn (1732–1809) samdi *Sköpunina* stóð hann á hátindi frægðar sinnar. Eftir að hafa starfað lengi og dyggilega í þjónustu Eszterházy greifa varð hann sjálfs sín ráðandi og fór meðal annars tvívegis til vetrardvalar á Englandi þar sem honum var tekið með kostum og kynjum. Í Lundúnum gafst honum kostur á að heyra óratoríur Händels fluttar, verk sem kölluðu á umtalsverðan mannskap, bæði hljóðfæraleikara og söngvara. Þær urðu honum hvati til að reyna sig við þetta form og úr varð mikil óratoría reist á sköpunarsögu Bibliunnar. Hún var frumflutt í Vínarborg vorið 1798 og hlaut eindæma góðar viðtökur. Uppfærslur í Lundúnum og París fylgdu í kjölfarið og verkið hefur æ síðan verið ein ástsælasta tónsmíð Haydns. Það hefst á eins konar forleik, stuttum hljómsveitarkafli sem lýsir óreiðunni sem ríkti áður en Guð hóf sitt sex daga sköpunarverk.

Það sem helst stuðlaði að frama Haydns í Lundúnum voru sínfóníur hans. Hann samdi þar alls tólf sínfóníur sem fluttar voru jafnóðum við góðar undirtektir. Ekki er að undra að Haydn hafi verið búinn að ná feiknatökum á þessu tónlistarformi, því þegar þarna var komið sögu voru sínfóníur hans að nálgast hundraðið. Langflestar voru samdar á árunum 1761–1790 þegar Haydn var í þjónustu Eszterházy-fjölskyldunnar. Hún hélt til á þremur stöðum: á setri sínu í Eisenstadt, í sumarhöllinni Eszterháza og á veturna í glæsihúsi í Vínarborg. Haydn var tónlistarstjóri greifans og fylgdi fjölskyldunni milli bústaða þar sem hann hafði umsjón með öllum tónlistarflutningi, hvort sem var við messur, í veislum, á tónleikum eða við óperuuppfærslur og brúðuleikhús. Megnið af tónlistinni, sem allt þetta útheimti, samdi hann sjálfur og hafði aðgang að þrýðilegri hljómsveit af kammersveitarstærð. Sínfónía nr. 64 er að líkindum frá árinu 1773 og henni fylgir yfirskriftin *Tempora mutantur etc.* sem talið er að sé frá Haydn komin. Hún er sótt í latínuspakmæli Johns Owen (d. 1622) sem mætti snara svo: „Tímarnir breytast og mennirnir með. Hvernig? Jú, mannkyninu fer aftur með árunum.“ Haydn var annálaður húmoristi og þessi kaldhæðna framfarasýn hefur áreiðanlega skemmt honum.

RUTH CRAWFORD SEEGER

ANDANTE FYRIR STRENGJASVEIT



TÓNLISTIN OG SÍ
Sinfóníuhljómsveit Íslands
hefur ekki áður leikið tónlist eftir
Ruth Crawford Seeger.


Ruth Crawford Seeger (1901–1953) er eitt af lykiltónskáldum bandaríksks mórernisma enda þótt eiginlegur tónsmíðaferill hennar hafi ekki spannað nema um áratug. Hún var prestsdóttir, fædd í Ohio, og lærði á píanó frá sex ára aldri. Tvitug innritaðist hún í American Conservatory of Music í Chicago til þess að leggja stund á píanóleik og taka kennarapróf, en dróst fljótlega að námi í tónfræðum og tónsmíðum. Hún lauk BA-prófi frá háskólanum árið 1924 og hélt þar áfram tónsmíðanámi uns hún fluttist til New York árið 1929. Þar sótti hún tíma hjá tónskáldinu og tónlistarfræðingnum Charles Seeger sem átti eftir að verða eiginmaður hennar. Árið 1930 fékk hún styrk frá Guggenheim-stofnuninni sem gerði henni kleift að ferðast til Evrópu. Hún dvaldist í Berlín og París og vann að tónsmíðum en ferðaðist einnig til Vínarborgar og Búdapest og átti m.a. fundi með Alban Berg og Béla Bartók.

Það var í Evrópu og fyrst eftir endurkomuna til Bandaríkjanna sem Crawford Seeger samdi þau verk sem einkum halda nafni hennar á lofti. Þau eru byggð upp með raðtækni í anda tólftónahugmynda Vínarskólans síðari og í þeim beitir hún ómstríðum kontrapunkti og klasahljómunum. Verkið sem hljómar á tónleikunum í kvöld er upprunalega þriðji þáttur strengjakvartetts sem Crawford Seeger samdi árið 1931 og er hennar þekktasta verk. Þáttinn umritaði hún síðar fyrir strengjasveit. Hún sagði um byggingu hans að þar væri leikið með minnkandi og vaxandi styrk: „Laglinan vex upp af þessum styrkleikabreytingum — hún verður til tón fyrir tón sem leiknir eru á mismunandi hljóðfæri; hver nýr tónn í laglínunni kemur inn þar sem styrkurinn er í hámarki“.

Á síðari hluta ævinnar einbeitti Crawford Seeger sér að rannsóknum og útsetningum á bandarískri þjóðlagatónlist og hafði mikil áhrif á útbreiðslu hennar, meðal annars með kennslufni fyrir börn.

GYÖRGY LIGETI

LONTANO



TÓNLISTIN OG SÍ

Tónlist Ligeti komst í fyrsta sinn á efnisskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 2000 þegar Saschko Gawriloff lék fiðlukonsert hans með sveitinni undir stjórn Diego Masson. Fimm árum síðar stýrði Ilan Volkov flutningi hljómsveitarinnar á *San Francisco Polyphony* og að liðnum öðrum fimm árum stjórnaði Volkov *Rúmenskum konserti* tónskáldsins. Árið 2011 var komið að *Atmosphères* sem hljómuðu á Myrkum músikdögum undir stjórn Daníels Bjarnasonar og hann hélt líka um tónsprotann þegar *Lontano* hljómaði í fyrsta sinn í flutningi SÍ, í nóvember 2015.

Það var í kjölfar tónskáldþings í Köln árið 1960 sem nafn ungverska tónskáldsins György Ligeti (1923–2006) var skyndilega á vörum allra þeirra sem fylgdust með því nýjasta í samtímatónlist. Þingið var haldið á vegum alþjóðasamtakanna ICSM (International Society for Contemporary Music) og framlag Ligetis var hljómsveitarverkið *Apparitions*. Hann gerði sjálfur grein fyrir því að það væri eins konar uppgjör við raðtæknina, serialismann, sem hann taldi kominn í blindgötu. Leiðin sem Ligeti fann út úr þeim ógöngum var að ganga enn lengra í að leysa upp kerfi tónbila og hljóma og skapa í staðinn hljóðheim þar sem byggingareiningarnar eru eins konar flekar sem stefnt er saman, eða vaxa hver út úr öðrum og vefjast saman í því sem Ligeti kallaði örfjölröddun (míkrópólfóníu). *Lontano* er verk af þessu tagi.

Ligeti var enginn nýgræðingur í tónskáldastétt þegar hann sló í gegn á þinginu í Köln. En hann hafði fram til 1956 búið handan járntrjaldsins þar sem stjórnvöld lögðu hömlur á listrænt frelsi hans og tækifæri til þess að fylgjast með þróun samtímatónlistar. Hann stundaði nám við Liszt-tónlistarháskólann í Búdapest, meðal annars hjá Zoltán Kodály, og sinnti rannsóknum á þjóðlegri tónlist í Transylvaníu. Kodály kom því til leiðar að Ligeti var ráðinn í kennarastöðu við háskólann árið 1950 og henni gegndi hann þar til hann flúði land í kjölfar þess að uppreisnin 1956 var barin niður. Ligeti fór fyrst til Austurríkis (og átti síðar eftir að verða austurrískur ríkisborgari) en hélt nánast viðstöðulaust áfram til Kölner þar sem hann dvaldist næstu árin og kynnti sér nýjungar í tónsmíðum, meðal annars raftónlist. Enda þótt hann semdi ekki sjálfur mörg verk af því tagi hafði raftónlistin afgerandi áhrif á þann stíl sem hann mótaði sér í hljómsveitarverkum sínum.

RICHARD STRAUSS

SVO MÆLTI ZARAPÚSTRA



TÓNLISTIN OG SÍ

Þetta er í fjórða sinn sem Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur *Svo mælti Zarapústra* í heild sinni. Stjórnendur hafa áður verið Militades Caridis (1986), Thomas Dausgård (1996) og Stefan Solyom (2011).

Richard Strauss (1864–1949) er ekki síst kunnur fyrir tónaljóð sín, miklar sinfónískar smíðar þar sem leikið er með þau óteljandi blæbrigði sem kalla má fram úr hljóðfærum heillar sinfóníuhljómsveitar. Eitt þessara verka, *Svo mælti Zarapústra*, hefur þó öðlast langmesta frægð og stafar hún af notkun þess í kvikmynd Stanley Kubrick, *2001: A Space Odyssey* frá árinu 1968 (Kubrick notaði einnig búta úr nokkrum verkum György Ligeti í myndinni). Í mörgum tónaljóðum sínum styðst Strauss við bókmenntaverk og sú er raunin hér þar sem hann tekur samnefnt verk Friedrichs Nietzsche til kostanna. Það var skrifað á árunum 1883–85 og samanstendur af stuttum köflum, eins konar ræðum eða kennslukvæðum sem lögð eru í munn hinum forna spekingi Persa, Zarapústra. Nietzsche heldur þar fram einstaklingshyggju og nauðsyn þess að mannkynið rífi sig úr fjötrum úreltra siðaboða.

Strauss gaf verki sínu undirtitilinn *Frei nach Nietzsche* (frjálst eftir Nietzsche) og sagði um það, að ætlun sín væri að „tjá í tónlist hugmyndina um þróun mannkynsins allt frá uppruna þess, gegnum hin ýmsu þróunarferli, trúarleg og vísindaleg, fram að hugmynd Nietzsches um ofurmennið“. Strauss valdi sér átta kaflayfirskriftir úr verki Nietzsches og raðaði þeim upp eftir eigin höfði þannig að verkinu vindur fram frá dögum og fram í myrkur – það er leikið án hlés. Inngangurinn lýsir sólarupprásinni á mikilfenglegan hátt; síðan túlkar Strauss þá hvatningu Zarapústra/Nietzsches til mannkyns að það láti af að hugsa um handanheima og kljáist þess í stað við lífið í þeim heimi sem við byggjum hér og nú. Á eftir fylgja þættir um frelsun sálarinnar og dýpstu þrá hennar, um lögmæti ástríðnanna og hverfulleika æskuásta. Þá er komið að vísindunum, hyllingu sannrar þekkingar sem ein upprættir þann ótta sem hindurvitni nærast á. Þegar Zarapústra særir hina dýpstu visku upp úr hugardjúpunum fellur hann í ómegin. Hann rankar við sér – það er hin eilífa endurkoma: allt hefur verið til frá örófi og endurtekur sig til eilífdar. Síðustu tveir þættirnir eru annars vegar dansljóð sem er gleðióður til lífsins og hins vegar ljóð náttfarans sem kjarnar þau sannindi að tilveran leikur á tveimur ásum gleði og sorgar, án dýpstu sælu væru þungar sorgir ekki til – þetta tvennt fylgist að eilíflega.

Svanhildur Óskarsdóttir

29. MAÍ, FÖSTUDAGUR KL. 19:30
30. MAÍ LAUGARDAGUR KL. 17

MAHLER

GUSTAV MAHLER

SINFÓNÍA NR. 8

ELDBORG HARPA

LSTA HÁTÍÐ Í REYKJAVÍK

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS, BRYNDÍS GUÐJÓNSDÓTTIR,
ÁLFHEIÐUR ERLA GUÐMUNDSDÓTTIR, DÍSELA LARUSDÓTTIR, ANNA KISSJUDIT,
HANNA DORA STURLUDÓTTIR, SIMON O'NEIL, OLAFUR KJARTAN SIGURÐARSON
OG TOMAS TOMASSON EINSÓNGVARAR.

MÓTETTUKÓRINN, HLJÓMEYKI, SÖNGSVEITIN FÍLHARMÓNÍA,
KÓR LANGHOLTSKIRKJU OG SKÓLAKÓR KARSNESS KÓRAR

HLJÓMSVEITARSTJÓRI EVA OLLIKAINEN



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Á DÖFINNI

LANDLIT & LISZT

FIMMTUDAGUR 30. APRÍL KL. 19:30

Hollenski píanóleikarinn Nikola Meeuwssen flytur píanókonsernt nr. 2 eftir Franz Liszt. Frumflutt verður Landlit, fyrsta sinfónía Páls Ragnars Pálssonar, en verkið sækir innblástur í samnefnt myndlistarverk Valgerðar Briem, sem endurspeglar áferð gróður- og bergmyndana landsins á óræðan hátt.

Þá leikur Sinfóníuhljómsveitin konsertsvítu úr ballettinum um Mandarinann makalaus eftir Béla Bartók. Eva Ollikainen aðalhljómsveitarstjóri heldur um tónsprotann.



VÍSNAÞÓKIN – LITL TÓNSPROTINN

LAUGARDAGUR 9. MAÍ KL. 14:00 & 16:00

Vísnaþókin er klassísk gersemi sem fylgt hefur mörgum börnum og fullorðnum allt frá því að hún kom fyrst út árið 1946. Í bókinni er að finna úrval vísna og kvæða að ógleymdum myndskreytingum Halldórs Péturssonar. Það eru leikararnir og söngvararnir, Þórunn Arna Kristjánsdóttir, Sigurður Þór Óskarsson og Hallgrímur Ólafsson sem koma fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands ásamt Gradualekórnum Langholtskirkju. Teikningum Halldórs verður varpað upp á stóra tjaldlið í Eldborg á meðan á tónleikunum stendur.



NÆRMYND: HILDUR GUÐNADÓTTIR

Á LISTAHÁTIÐ Í REYKJAVÍK

FIMMTUDAGUR 4. JÚNÍ KL. 19:30

Hildur Guðnadóttir er eitt fremsta kvikmyndatónskáld samtímans og hefur hún m.a. hlotið Grammy-, Emmy-, Bafta- og Óskarsverðlaun fyrir störf sín. Hér leiðir listakonan sjálf dagskrá þar sem hún segir frá verkum sínum, áhrifavöldum og heimi kvikmyndatónlistar. Hljómsveitin leikur tónlist Hildar sjálfrar og tónlist sem haft hefur mikil áhrif á hana í gegnum tíðina. Tónleikarnir eru samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveitar Íslands en Hildur er hátíðarlistamaður Listahátíðar 2026.

Tónleikarnir eru u.þ.b. ein og hálf klukkustund með hléi.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Joanna Bauer
Lin Wei
Margrét Kristjánsdóttir
Sigrún Harðardóttir
Ólga Björk Ólafsdóttir
Laura Lju
Pálína Árnadóttir
Martin Frewer
Bryndís Pálsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir

2. FIÐLA

Alexandra Woroniecka
Sólveig Steinþórsdóttir
Emma Garðarsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Hekla Finnsdóttir
Justyna Bidler
Sólruń Ylfa Ingimarsdóttir
Ólóf Þorvarðsdóttir
Kristján Matthíasson
Margrét Þorsteinsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir

VÍOLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Þorfiris
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Hrunð Harðardóttir
Sarah Buckley
Svava Bernharðsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Guðrún Þórarinsdóttir

AÐALHLJÓMSVEITARSTJÓRI OG LISTRÆNN STJÓRNANDI

Eva Ollikainen

FRAMKVÆMDA- OG SKRIFSTOFUTEYMI

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir
Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrágerðar

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Urh Mrak
Guðný Jónasdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Margrét Árnadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Bryndís Björgvinsdóttir

BASSI

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Richard Korn
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Jacek Karwan
Hávarður Tryggvason

FLAUTA

Rafael Adobas
Áshildur Haraldsdóttir
Caterina Compagno
Sigríður Hjördís Önnudóttir

ÓBÓ

Julia Hantschel
Peter Tompkins
Matthias Nardeau
Eydis Franzdóttir

KLARINETT

Jorge Paiva Neves
Helga Björg Jóhanna Arnardóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Clara Manaud
Bryndís Þórsdóttir
Brjánn Ingason
Guðrún Erlendsdóttir

Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi (í leyfi)
Rut Sigurðardóttir
markaðsfulltrúi (afleysing)
Dagrún Hálfðánardóttir
mannauðsstjóri
Svanhvit Hrólfssdóttir
fjármálastjóri
Tracy Bass
nótnavörður
Brynja Guðmundsdóttir
aðstoðarnótnavörður
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs-
og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðsmaður

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Yi-Ling Shih
Jason Friedman
Rogèr-Arnaut Castéret

TROMPET

Zach Silberschlag
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

BASSABÁSÚNA

David Bobroff

TÚBA

Itamar Elis
Francesco Porta

HARPA

Katie Buckley
Elísabet Waage

ORGEL

Lára Bryndís Eggertsdóttir

PÁKUR

Ziv Stein

SLAGVERK

Marco Santos
Frank Aarnink
Steeff van Oosterhout

STJÓRN SÍ

Sigurður Hannesson
formaður stjórnar
Jóhanna Yr Jóhannsdóttir
Margrét Pálmadóttir
Emil Friðfinnsson
Ragnar Jónasson

*Kvika eignastýring veitir allhliða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVIKA
Eignastýring